

Ársskýrsla

UN WOMEN (UNIFEM) á Íslandi 2010



United Nations Entity for Gender Equality
and the Empowerment of Women

ÍSLENSK
LANDSNEFND

Ný stofnun á sterkum grunni



Það er jafnréttissinnur á Íslandi fagnaðarefni að um síðustu áramót varð til ný stofnun innan Sameinuðu þjóðanna, UN Women, sem vinnur eingöngu að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Starf hennar byggir á áralangri áherslu Sameinuðu þjóðanna í jafnréttismálum, og varð til við samruna þeirra fjögurra stofnana sem áður unnu að valdeflingu kvenna og jafnrétti kynjanna. Nýrri og öflugri stofnun er í senn ætlað að gera átak Sameinuðu þjóðanna á sviði jafnréttismála hnitmiðaðra og einbeittara en áður, og um leið að undirstrika mikilvægi jafnréttisbaráttu, og aukinna áhrifa kvenna, á leiðinni að betri veröld.

Íslendingar hafa stutt stofnun UN Women með ráðum og dáð. Þeir eru á meðal þeirra þjóða sem mest leggja af mörkum til stofnunarinnar. Á því verður ekki breyting. Í þingsályktunartil-lögu sem ég lagði nýverið fram á Alþingi um þróunarsamvinnu til næstu fjögurra ára fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eru jafnréttis-mál meðal þyngstu áherslusviða. UN Women er þar tilgreind sem ein fjögurra lykilstofnana í þróunarstarfi Íslands. Í því felst sterk pólitísk yfirlýsing af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Í þessum efnum, ekki síst varðandi UN Women, hefur utanríkis-ráðuneytið haft ráð Landsnefndar UNIFEM að leiðarhnoða, sem ber að þakka sérstaklega við þessi tímamót. Sú farsæla landsnefnd mun hér eftir taka nafn hins nýja burðaráss og verða UN Women á Íslandi. Á engan er hallað þegar minnst er sérstaklega á þátt forvera míns, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, í vasklegri stefnumótun Íslands um hina nýju stofnun.

Utanríkisstefna Íslands hefur um árabíl haft jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í öndvegi. Með því stuðlum við ekki einvörðungu að því að konur hvarvetna öðlist sjálfsögð réttindi heldur er um leið tekist á við þau vandamál sem heimsbyggðin glímir við, fátækt, hungur og hrikalegar afleiðingar stríðsátaka. Reynslan úr þróunarlöndunum sýnir, að bætt staða kvenna styrkir efnahag fjölskyldna, næring og heilsufar batnar, og það dregur úr barna- og mæðradauða. Um leið aukast líkurnar á því að kynslóðin sem er að vaxa úr grasi brjótist til mennta, og ekki örvænt um að veröldin batni í leiðinni töluvert.

Bestu óskir ríkisstjórnarinnar fylgja hinni nýju stofnun, og útvörðum hennar á Íslandi.

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra.

Baráttan heldur áfram

Árið 2010 var mikilvægt fyrir jafnréttisbaráttu heimsins. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna runnu fjórar stofnanir sem vinna að réttindum kvenna saman í eina. Með sameiningunni varð UNIFEM að UN WOMEN eða UN Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women eins og stofnunin heitir fullu nafni. Breytingar þessar gefa jafnréttisbaráttu og frelsisbaráttu kvenna um allan heim aukið vægi, bæði fjárhagslega sem og táknrænt.

Það er von okkar að stofnun UN Women verði til heilla fyrir þær milljónir kvenna sem lifa við ósættanlegar aðstæður, mannréttindabrot, höft og ofbeldi víða um heim. Með UN Women er aukinn kraftur settur í baráttu fyrir því að Þúsaldarmarkmið um þróun sem tengjast konum náist fyrir árið 2015. Þátttaka kvenna í atvinnulífi og frumkvöðlastarfsemi er eflid, og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi einnig.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi, nú Landsnefnd UN Women á Íslandi tekur fullan þátt í þeim áherslubreytingum sem eiga sér stað í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og setur enn meiri kraft í starfsemi félagsins hér heima. Tveir starfsmenn sinna nú rekstri og verkefnum UN Women og fjölmargir sjálfboðaliðar styðja við starfið með þátttöku í fjölbreyttum verkefnum. Starfsemin miðar ávallt að því að vekja athygli á því óréttlæti og mannréttindabrotum sem konur víða um heim búa við, jafnframt því að sinna fjáröflun til fjölbreyttra verkefna sem styðja við baráttuna þar sem þörfin er mest hverju sinni.

Íslendingar sýna þessari baráttu mikinn skilning og aldrei hafa fleiri stutt samtökin hérlendis en einmitt nú í ár. Yfir

1100 einstaklingar hafa gengið í Systraglag UN Women – og styrkja „systur“ sínar í fjölmörgum löndum heims með föstum mánaðarlegum greiðslum. Þá eru félagar í UN Women orðnir 750.

Það er einnig ánægjulegt að fyrirtæki hafa tekið skref sem miðað að því að styrkja jafnréttismál innan sinna eigin veggja. Þrjú íslensk fyrirtæki voru stofnaðilar að Jafnréttissáttmála UN Women sem landsnefndin ýtti úr vör í nóvember 2010 og listi fyrirtækja sem undirrita sáttmálann hérlendis lengist sífellt.

Hjá UN Women á Íslandi trúum við því að nýju landslagi fylgi aukin tækifæri sem munu skila sér í betri lífskilyrðum kvenna víða um heim. Við þökkum jafnframt þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa



lagt starfsemi UN Women á Íslandi lið á undanfögnu ári.

Ragna Sara Jónsdóttir
Formaður UN Women á Íslandi

Efnisyfirlit

- 4 UNIFEM verður að UN Women
- 6 Michelle Bachelet – konan sem allir treysta á
- 8 Innanlandsstarf 2010
- 11 Styrktaraðilar og sjálfboðaliðar
- 12 Overview of the year – English summary
- 14 Ársreikningur 2010
- 15 Stjórn UN Women á Íslandi 2010-2011

UNIFEM verður að UN Women

Hvað þýðir þessi breyting?

Það voru stórtíðindi þegar aðildarríki Sameinuðu þjóðanna tilkynntu sameiningu UNIFEM, DAW, INSTRAW og OSAGI 2. júlí 2010. Þessi nýja stofnun hefur hlotið heitið UN Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women en er þó í daglegu tali kölluð UN Women og tók formlega til starfa í ársbyrjun 2011.

Ákvörðun aðildarríkjanna um að setja á fót þessa nýju stofnun markar söguleg tímamót fyrir alla sem stutt hafa jafnréttisbaráttuna undanfarna áratugi og þetta eru spennandi tímar fyrir konur jafnt sem karla víðsvegar um heim. Með stofnun UN Women sýna aðildarríki Sp í verki hversu nauðsynlegt það er að sinna jafnréttismálum og vinna að því að auka valdeflingu kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjádum svæðum.

Sem betur fer hafa ýmsir merkir áfangar náðst í kvennabaráttunni undanfarin 35 ár og má þar nefna tilkomu Kvennasáttmálans (CEDAW), DEVAW



sem er yfirlýsing Sp frá árinu 1993 um afnám ofbeldis gegn konum, aðgerðaráætlunina sem samþykkt var í Peking árið 1995 og ályktanir Öryggisráðsins númer 1325, 1820 og 1880 sem snúa að konum, friði og öryggi.

Þrátt fyrir háleitar yfirlýsingar og samþykktir Sameinuðu þjóðanna er þó langt í land varðandi jafna stöðu kvenna og karla. Landsnefnd UN Women hefur undanfarin ár styrkt sjóð sem kallast Styrktarsjóður Sp til afnáms ofbeldis gegn konum. Styrktarsjóðurinn er einstakur því hann vinnur eingöngu að því að styrkja frjáls félagasamtök í því að uppræta ofbeldi gegn konum en því miður er sjóðurinn alvarlega fjársveltur. Á síðasta ári bárust sjóðnum 1643 umsóknir og nam heildarupphæð umsókna 900 milljónum bandaríkjadollara en sjóðurinn hafði aðeins 20 milljónir til umráða og gat því aðeins styrkt þrjú prósent af umsóknum. Þetta er kaldhæðnisleg staðreynd því líkt og komið hefur í ljós í rannsóknum á framgangi þúsaldarmarkmiðanna er ójöfn

staða kynjanna ein helsta fyrirstaða þróunar, friðar og efnahagslegra framfara í heiminum.

Því er mikil von bundin við UN Women því þetta er í fyrsta skipti sem Sp skipa stofnun sem vinnur einungis í þágu kvenna og jafnréttis. Nú munu þessar fjórar, hlutfallslega litlu stofnanir vera samhæfðar og fá vonandi tilhlýðilegt fjármagn til að vinna að þessum mikilvæga málaflokki.

Hin nýja framkvæmdastýra UN Women, Michelle Bachelet, hefur gefið út að nauðsynlegt sé að tryggja stofnuninni 500 milljónir bandaríkjadollara árlega til að takast á við þau verkefni sem biða stofnunarinnar. Þetta er háleitt markmið þar sem um ræðir tvöföldun á því fjármagni sem stofnanirnar hafa nú yfir að ráða. Bent hefur verið á nauðsyn þess að tryggja UN Women nægilegt fjármagn því óviðunandi sé að aðeins eitt prósent af heildarfjármangi Sp sé varið í málefni kvenna og jafnréttis þegar vitað er að 70 prósent þeirra sem



Það er fyrst og fremst sífelldri baráttu grasrótarinnar, frjálsum félagasamtökum og ópreytandi baráttukonum að þakka að UN Women var stofnað. Framkvæmdastýra UN Women er meðvituð um mikilvægi þess að vera í góðum samskiptum við grasrótina til þess að starf UN Women beri raunverulegan árangur.

Stofnunin hóf störf 01.01.2011 en tók formlega til starfa við hátíðlega athöfn í New York 24. febrúar 2011. Það er spennandi að fylgjast með þessum fyrstu skrefum stofnunarinnar, bæði með tilliti til verkefna og hvort Bachelet takist það áætlunarverk sitt að tvöfalda núverandi fjárframlög aðildaríkja Sp til jafnréttismála. En svo mikið er víst að þrátt fyrir að mikilvægt skref hafi náðst í jafnréttisbaráttunni með stofnun UN Women, er ekki tímabært að leggja árar í bát. Við þurfum öll að leggjast á eitt til þess að halda þessari mikilvægu baráttu áfram.

búa við sára fátækt í heiminum eru konur.

„Með tilkomu UN Women,“ sagði Ban Ki-moon aðalritari Sp síðastliðið sumar, „eru aðildaríkin að samþykkja þá staðreynd að jafnrétti fyrir konur og stúlkur er ekki einungis grundvallarmannréttindi heldur ómissandi þáttur í félagslegum og efnahagslegum umbótum. Í þeim löndum þar sem konur hljóta menntun og eru hvattar áfram, er hagkerfið sterkara og hagvöxtur meiri. Í þeim löndum þar sem konur njóta fullra réttinda og tækifæra, ríkir friður og stöðuleiki.“

Áherslur hinnar nýju stofnunar UN Women verða áfram, líkt og hjá UNIFEM, að draga úr fátækt, vinna að mannréttindum kvenna og uppræta ofbeldi. Einnig verður lögð áhersla á leiðtogaþjálfun kvenna, aukna þátttöku á vinnumarkaði sem og í stjórnmálum, til að stuðla að efnahagslegri valdeflingu kvenna. Líkt og fram kemur í ályktunum öryggiráðsins númer 1325

er aðkoma kvenna í friðarferlum nauðsynleg og gæta þarf að öryggi kvenna á óeirðartímum.

Það er ljóst að Michelle Bachelet, framkvæmdastýra UN Women, á mikið verk fyrir höndum. Bachelet hefur lagt áherslu á að mikilvægt sé að aðlögunarferlið gangi vel fyrir sig fyrstu mánuðina fyrir starfsfólk hinna sameinuðu stofnana og því vilji hún leggja áherslu á að efla samskipti við svæðisskrifstofur UN Women.

UN Women mun ekki aðeins starfa að jafnréttismálum í eigin nafni heldur einnig vera leiðandi í stefnumótun jafnréttismála fyrir aðrar stofnanir Sp. Bachelet hefur nefnt nauðsyn þess að góð samvinna sé á milli UN Women og sérstaks erindreka Sp í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn konum í átökum, Margot Wallström, og umboðskonu Sp í ofbeldismálum, Rashidu Manjoo, sem kom til Íslands í október 2010.



Michelle Bachelet

Konan sem allir treysta á

Það þóttu stór tíðindi í lok sumars 2010 þegar Michelle Bachelet var ráðin framkvæmdastýra UN Women. Þó kom það ekki mörgum á óvart að Ban Ki-moon, aðalritari SÞ skipaði Bachelet í þessa mikilvægu stöðu. Hún hefur unnið marga sigra í Chile, heimalandi sínu, þar á meðal að vera kosin fyrsti kvenforseti Þjóðar þar sem aðeins fjögur prósent af öldungardeildarþingmönnum eru konur. Hún vann líka hug og hjörtu Chile-búa sem einstæð móðir í harðkapólsku landi. Það út af fyrir sig er mikill sigur, en það var ekki fyrr en 2005, ári áður en Bachelet var kosin forseti að fólki var leyft að sækja um skilnað.

Pyntingar, föðumissir og útleð

Michelle Bachelet fæddist í höfuðborg Chile, Santiago, 29. september 1959. Móðir hennar, Ángela Jeria, vann sem forneifafraeðingur og faðir hennar, Alberto Bachelet, var yfirmaður chileska flughersins undir stjórn Salvador Allende.

Bachelet-fjölskyldan varð fyrir miklu áfalli þann orlagaríka dag 11. september 1973 þegar Augusto Pinochet framdi valdarán í landinu. Faðir Bachelet var handtekinn þann sama dag og ákærður fyrir landráð, átján dögum fyrir 14 ára afmæli Bachelet.

Faðir hennar lést ári seinna í fangelsi. Hjarta hans gaf sig eftir síendurteknar pyntingar leynilögreglunnar. Ofsóknum Pinochet í garð Bachelet-fjölskyldunnar linnti ekki þar. Ári eftir dauða Alberto Bachelet, ruddist leynilögreglan inn á heimili þeirra mæðgna, handtók þær og leiddi út úr húsi með bundið fyrir augun. Þær voru færðar til Villa Grimaldi, sem á þeim tíma var aðalpyntingabækistöð leynilögreglunnar.



Í heilan mánuð dvöldu mæðurnar í varðhaldi. Þegar þeim var sleppt flúðu þær land ásamt fjölda fólks og héldu til Austurríkis í útleð.

Austurríki var þó ekki endastöð þeirra, því mæðgurnar komu sér fyrir í Austur-Þýskalandi, nánar tiltekið í Leipzig. Bachelet sat ekki lengi aðgerðalaus eftir komuna til Þýskalands og hóf undir eins að læra þýsku. Ekki leið á löngu fyrr en að hún hafði skráð sig í læknisnám við Humboldt-háskólann í Berlín. Það hafði verið draumur hennar frá 11 ára aldri að leggja stund á læknisfræði. Henni þótti vænt um heimalandið sitt og tók hún þá ákvörðun ung að aldri að hennar framlag til samlanda sinna skyldi verða til heilbrigðismála í landinu.

Í Þýskalandi kynntist Bachelet chileskum útlaga, arktítekt að nafni Jorge Dávalos. Þau felldu saman hugi, giftu sig og eignuðust fljótlega soninn Sebastián.

Seinna eignuðust þau stúlkurnar Francisca og Sophiu.

Endurkoma til Chile

Eftir rúma fimm ára útleð snéri Bachelet aftur til Chile ásamt fjölskyldu sinni. Þar hélt hún ótrauð áfram í læknisfræðinni og úskrifaðist árið 1982. Þá fór hún í sérhæft nám í barnalækningum og lýðheilsufræði. Síðan þá hefur Bachelet unnið með óteljandi félagasamtökum í Chile þar sem fagkunnátta hennar hefur nýst vel.

Sérkunnátta hennar kom að enn betri notum þegar lýðræði var endurreist í Chile á tíunda áratugnum, en undir einræðisstjórn Pinochet höfðu heilbrigðismál setið á hakanum.

Það var þessi vinna sem að kveikti löngun hjá Bachelet til þess að vinna fyrir hið opinbera, en um miðjan tíunda áratuginn hóf hún störf hjá Heilbrigðis-




ráðuneytinu, þar sem hún sinnti hinum ýmsu skyldum. En líf hennar og ferill tóku fljótlega stakkaskiptum.

Bachelet varð í auknum mæli vör við hversu lítið álit almenningur hafði á stefnumálum sem vörðuðu varnarmál landsins. Hún fann sig knúna til þess að gera eitthvað í málunum og skráði sig aftur í nám, að þessu sinni í hernáðaráætlun og stefnumótun. Að námi loknu var Bachelet samstundis ráðin til Varnarmálaráðuneytisins.

Pólitíkin kallaði

Óhætt er að segja að Bachelet hafi verið undir einhverjum áhrifum frá Salvador Allende. Hún var áberandi í stúdentapólitíkinni á háskólaárunum og leiddi meðal annars ungliðahreyfingu Sósíalistaflokksins um tíma. Það var þó ekki fyrr en hún hóf embættisstörf að hún tók virkan þátt í landspólitíkinni. Meðan hún starfaði hjá

Varnarmálaráðuneytinu bauð Bachelet sig fram til borgarráðs Las Condes-hverfisins í Santiago fyrir hönd Sósíalistaflokksins. Seinna hóf hún störf fyrir flokkinn og vann meðal annars sem kosningastjóri Richard Lagos, fyrrum forseta Chile. Lagos sigraði forsetakosningarnar árið 2000 og skipaði Bachelet um leið heilbrigðisráðherra. Þetta var hennar viðamesta starf til þessa. Hana óraði þó ekki fyrir því að stærri og mikilvægari verkefni myndu bíða hennar nokkrum árum seinna. Eftir tvö ár sem heilbrigðisráðherra var hún skipuð varnarmálaráðherra. Þetta þóttu stórtíðindi, en Bachelet er fyrsta konan til að vera útnefnd varnarmálaráðherra í Chile og í gjörvallri Suður Ameríku. Þar gerði hún viðamiklar breytingar, eins og afnám herskyldu, en jafnréttismál voru henni ofarlega í huga og tók hún á þeim bæði innan hersins og lögreglunnar og var mikil þörf á.



Bachelet sagði af sér sem varnarmálaráðherra eftir aðeins tvö ár í starfi til þess að geta einbeitt sér að forsetaframboði. Almenningur var henni hliðhollur og í febrúar 2006 sigraði Michelle Bachelet forsetakosningarnar með 53.40 prósentum atkvæða - fyrst allra kvenna í Chile.

Því þykja það mikil gleðitíðindi að Bachelet hafi tekið þetta merka verk að sér, að stýra UN Women og gefa konum sterka rödd.



Innanlandsstarf 2010

VITUNDARVAKNING

UNIFEM-umræðurnar hafa verið fastur viðburður fyrsta laugardag hvers mánaðar undanfarin ár. Umræðurnar á árinu voru sjö talsins og voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar. Rætt var meðal annars um réttindabaráttu kvenna og þá sérstaklega varðandi Kvennasáttmálann og Peking 1995; hvernig Íslendingar geta lagt UNIFEM lið, útbreiðslu HIV meðal ungra kvenna í Afríku og stöðu kvenna og barna í Zimbawbe og Tógó. Einnig var starfsemi UNIFEM í Kambódíu kynnt og heimildarmyndin *Börn til sölu* eftir Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur var sýnd. Um haustið tóku umræðurnar á sig nýja mynd þegar UNIFEM hóf samstarf við Alþjóðlegan jafnréttisskóla Háskóla Íslands. Sex nemendur frá Afganistan og Palestínu lögðu stund á nám við skólann og umræðurnar færðust yfir á háskólasvæðið. Nemendurnir, sem hafa unnið hjá stofnunum Sp sem og frjálsum félagssamtökum í heimalöndum sínum ræddu um jafnrétti kynjanna í heimalöndum sínum.

Bíó-fundur

UNIFEM hélt Bíó-fund þann 8. nóvember í Bíó Paradís við Hverfisgötu. Yfirskrift fundarins var „Nauðgun sem stríðsvopn“ og var sænska heimildarmyndin *Kvennastríðið* sýnd. Myndin fjallar um tvær konur, önnur er frá Bosníu-Hersegóvinu og hin frá Austur Kongó. Þrátt fyrir að búa við ólíkar aðstæður eiga þær það sameiginlegt að báðum var nauðgað í borgarastyrjöld í heimalandi sínu. Myndin fjallar um það þegar konurnar heimsækja hvor aðra. Eftir myndina héldu Íris Kristinsdóttir lögfræðingur, Edda Jónsdóttir mannréttindafræðingur og Bergljót Arnalds rithöfundur fyrirlestra tengda málefni. Líflugar umræður fylgdu

í kjölfarið, enda húsfyllir og komust færri að en vildu.

Landsbyggðarkynningar

UNIFEM hefur ávallt lagt ríka áherslu á vitundarvakningu. UNIFEM heimsótti bæjarfélög víða um landið á árinu og skapaðist mikil stemning í kringum þessa viðburði. Árið byrjaði með frábæru skemmtikvöldi í Reykjanesbæ á hinu huggulega kaffihúsi Kaffitárs. UNIFEM kíkti einnig í Borgarnes og vestur á firði en Ísfirðingar tóku UNIFEM vel í Hamri. Í maí var ferðinni heitið í Tryggvaskála á Selfossi og að lokum heimsótti UNIFEM hressar Eyjakonur á kaffihúsinu Vinaminni. Heimsóknirnar voru því fimm talsins á árinu og eiga allir þeir fjölmörgu sjálfboda-liðar í heimabyggð sem og í Reykjavík mikið lof skilið.

Ljósaganga

UNIFEM efndi til Ljósagöngu 25. nóvember í samvinnu við mannréttindasamtök og kvannahreyfingar á Íslandi í tilefni af alþjóðlegum degi gegn kynbundu ofbeldi. Gangan var fyrsti viðburðurinn af fjölmörgum sem mörkuðu upphaf alþjóðlegs 16 daga átaks gegn ofbeldi gegn konum. Alþjóðleg yfirskrift átaksins að þessu sinni var: *Berjumst gegn ofbeldi gegn konum á átaksvæðum*, en á Íslandi var lögð sérstök áhersla á ábyrgð gerenda í ofbeldismálum. Eins og árið áður var gengið frá Þjóðmenningarhúsinu og að Sólfarinu við Sæbraut. Ólöf Ýr Atladóttir, stjórnarkona UNIFEM ávarpaði gesti við Þjóðmenningarhúsið áður en lagt var af stað. Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins leiddi gönguna ásamt Ögmundi Jónassyni dóms- og mannréttindaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Katr-



ínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra, Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Fjöldi fólks mætti í gönguna þrátt fyrir nístingskulda. Þegar komið var að Sæfarinu lásu konur af erlendum uppruna ljóð sem tengjast baráttu kvenna. Slökkt var á Friðarsúlunni til þess að vekja athygli á því myrkri og einangrun sem fórnarlömb kynferðisofbeldis þurfa að búa við. En vonin ríkir enn og að loknum ljóðalestri var Friðarsúlan tendruð á nýjan leik.

Fræðsla

UNIFEM fór í menntakólaheimsóknir á árinu, þar á meðal í Kvennaskólann í Reykjavík, Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann við Sund. Markmið heimsóknanna var að kynna nemendum starf UNIFEM og þúsaldarmarkmið Sp. Þessar heimsóknir voru mjög skemmtilegar og tóku nemendur virkan þátt í umræðunum. Framkvæmdastýra kynnti einnig málstaðinn fyrir ungu fólki í atvinnuleit á námskeiðinu Vítamín á vegum Hins Hússins nokkrum sinnum á árinu, en námskeiðið var styrkt af Reykjavíkurborg. Framkvæmdastýra heimsótti einnig skóla ABC barnahjálpar á Íslandi.

Undirbúningur Skottanna fyrir Kvennafrídaginn

UNIFEM er þátttakandi í Skottunum, sem er opin samstarfsvettvangur kvenna sem var stofnaður með Kvennafrídaginn sem útgangspunkt. Ákveðið var að halda upp á daginn 25.





október þar sem 24. október bar upp á sunnudag. Líkt og árið 1975 og 2005 var lögð áhersla á launamun kynjanna en að þessu sinni var dagskráin einnig helguð baráttu gegn kynferðisofbeldi. Þrátt fyrir kulda og storm gengu rúmlega fimmtíu þúsund konur út af vinnustöðum sínum klukkan 14.25 til að taka þátt í kröfugöngunni og hlýða á dagskrá á Arnarhóli. Dagurinn tókst vel í alla staði og var mikill hugur í konum og körlum.

Tjald Skottanna á Menningarnótt

Mikið líf og fjör var í Kvænnafrístjaldinu á Austurvelli og margir áhugasamir kíktu við á hina ýmsu viðburði sem fram fóru. Framkvæmdastýra og stjórnarkonur UNIFEM stóðu vaktina ásamt fulltrúum frá ýmsum kvennasamtökum. Áhugasömum bauðst að kynna sér starfsemi UNIFEM bæði hér heima sem og erlendis og kaupa söluvarning.

Jafnréttissáttmálinn (e. Women's Empowerment Principles)

UNIFEM ásamt UN Global Compact hóf alþjóðlegt átak í mars sem kallast *Women's Empowerment Principles* eða *Jafnréttissáttmálinn* eins og hann hefur verið þýddur á íslensku. *Jafnréttissáttmálinn* miðar að því að virkja einkageirann í að vinna að jafnrétti kynjanna innan fyrirtækjanna, stuðla að framgangi kvenna og sýna samfélagslega ábyrgð. Átakið er mikilvægur liður í því að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og hafa yfir hundrað fyrirtæki um heim allan skrifað undir sáttmálann. Átakið var opnað á morgunverðarfundum UNIFEM 25. nóvember og skrifuðu fyrirtækin Marel, Deloitte og Rio Tinto Alcan undir sáttmálann fyrst íslenskra fyrirtækja. Takmark UNIFEM á nýju ári er að fá 50 fyrirtæki í hópinn fyrir sumarið.



Morgunverðarfundur

Árlegur morgunverðarfundur UNIFEM var haldinn á Hótel Loftleiðum 25. nóvember. Yfirskrift fundarins var að þessu sinni „Heima og að heiman: Jafnrétti sem sóknarfæri í viðskiptum“. Á fundinum var *Jafnréttissáttmálinn* kynntur. Ragna Sara Jónsdóttir formaður UNIFEM á Íslandi opnaði fundinn og bauð gesti velkomna. Þá hélt Einar Gunnarsson ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins erindi og ásamt forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem fyrst skrifuðu undir sáttmálann; þeim Rannveigu Rist framkvæmdastjóra Rio Tinto Alcan, Sigsteini Grétarssyni forstjóra Marel og Ernu Arnardóttur mannaðs-stjóra Deloitte. Antonie de Jong viðskipta- og þróunarráðgjafi UNIFEM í New York var heiðursgestur fundarins. Hann fjallaði um mikilvægi *Jafnréttissáttmálans* og kynnti fundargestum fyrirhugaða sameiningu UNIFEM við systurstofnanir sínar innan Sameinuðu þjóðanna í nýja stofnun; UN Women.

FJÁRÖFLUN

Systralagið

Systralagið var kynnt til sögunnar fyrir landsmönnum árið 2009. Það miðar að því að hvetja Íslendinga til að standa með „systrum“ sínum víða um heim og leggja UNIFEM lið að uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti. Íslendingar hafa tekið Systralaginu opnum örmum og hefur fjáröflun gengið vonum framar. Átta götukynnar unnu fyrir UNIFEM í júní og júlí síðastliðið sumar við að kynna Systralagið um borg og bý. Götukynnarnir voru ungt fólk á aldrinum 18 til 30 ára og stóðu þau fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum á Laugaveginum ásamt því að kynna málefni UNIFEM.

Jólaglögg

Vegna breytinga á Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugaveginum var ekki hægt að halda hið árlega jólaglögg í Miðstöðinni eins og hefð hefur verið fyrir undanfarin ár. Að þessu sinni fékk UNIFEM verslunina NIKITA í





samstarf við sig og jólaglöggið fór fram inn í verslun þeirra á Laugaveginum. Hljómsveitin Of Monsters and Men steig á stökk og spilaði órafmagnað fyrir gesti og gangandi. Þá tók söngkonan Elín Ey við og ljúfir tónar flæddu um verslunina. Fyrir utan NIKITA stóðu sjálfboðaliðar UNIFEM vaktina og buðu fólki upp á jólaglög, jólaöl og piparkökur ásamt því að selja sykurhúðaðar möndlur til styrktar UNIFEM.

RÉTTINDAGÆSLA Framkvæmdastýra á allsherjarþingi

2. júlí 2010 er sögulegur dagur fyrir alla sem hafa barist fyrir jafnréttismálum undanfarna áratugi því þann dag samþykktu öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hina nýju stofnun; UN Entity for Gender Equality and Empowerment of Women – UN Women, styrka stofnun sem tekur við af UNIFEM. Framkvæmdastýra íslensku landsnefndarinnar; Inga Dóra Pétursdóttir sat þennan merka

fund og má með sanni segja að andrúmsloftið hafið verið fullt af gleði og ánægju að ná þessum mikla áfanga.

Ferð á fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir fyrrverandi framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi sótti árlegan fund Kvennanefndar Sp í New York í mars. Að þessu sinni var fjallað um hvaða árangur hefur náðst í jafnréttismálum með tilliti til aðgerðaráætlana sem samþykktar voru á Kvennaráðstefnunni í Peking 1995 sem og á sérstökum fundi jafnréttismála allsherjarþingsins árið 2000. Steinunn sótti fjöldan allan af hliðarviðburðum og átti góða fundi með starfsfólki höfuðstöðva UNIFEM sem og öðrum landsnefndum.

**Málþing um samstarf
utanríkisráðuneytisins og UNIFEM**
„Framlag til friðar og kynjajafnréttis“ var yfirskrift málþings sem var haldið

í Háskólanum á Akureyri í tilefni af 10 ára samstarfi utanríkisráðuneytisins og UNIFEM. Fram fóru áhugaverðar umræður um störf UNIFEM á vettvangi og reynslu þeirra Íslendinga sem unnið hafa fyrir UNIFEM á vegum utanríkisráðuneytisins. Hildur Fjóla Antonsdóttir, Birna Þórarinsdóttir og Hjálmar Sigmarsson sögðu frá reynslu sinni á Barbados, Serbíu og Bosníu. Ragna Sara Jónsdóttir, formaður UNIFEM á Íslandi, ræddi hlutverk landsnefnda UNIFEM á málþinginu og Inga Dóra framkvæmdastýra sat meðal annars sem panelstjóri.

SKRIFSTOFAN Ný framkvæmdastýra

Í maí var Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir ráðin á samskiptaskrifstofu UNIFEM í Japan og Inga Dóra Pétursdóttir mann- og þróunarfræðingur ráðin í hennar stað hér heima. UNIFEM þakkar Steinunni kærlega fyrir vel unnin störf og óskar henni góðs gengis í nýju starfi. Inga Dóra Pétursdóttir er fjórða framkvæmdastýra landsnefndarinnar. Forverar hennar eru Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, Sjöfn Vilhelmsdóttir og Birna Þórarinsdóttir.

Nýir starfsmenn

Í ársbyrjun var Eva Hrönn Steindórsdóttir viðskiptafræðingur ráðin verkefnastýra fjáröflunar. Eva hafði áður unnið með UNIFEM sem verkefnastýra Fiðrildavikunnar sem haldin var árið 2008. Í lok september tók Hanna Eiríksdóttir mannréttindafræðingur við starfinu af Evu. Hún var ráðin í fullt starf sem verkefnastýra. Þetta þykja mikil tíðindi fyrir UNIFEM en aldrei áður hafa tveir starfsmenn unnið á skrifstofunni.

Styrktaraðilar og sjálfboðaliðar UN Women (UNIFEM) á Íslandi

Frá því að UNIFEM á Íslandi tók til starfa fyrir rúmum tuttugu árum hafa sjálfboðaliðar ávallt spilað stórt hlutverk í því starfi sem fram fer á landsvísi.

Sjálfboðaliðar UNIFEM hafa verið boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum fyrir málstaðinn og það er óhætt að segja að án þeirra væri þetta mikilvæga starf ekki mögulegt.

Margir nýir sjálfboðaliðar bættust í hópinn árið 2010 og viljum við senda þeim kærar þakkir fyrir vel unnin störf.

Með von um áframhaldandi gott samstarf!

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Eva Hrönn Steindórsdóttir
Inga Dóra Pétursdóttir
Hanna Eiríksdóttir

UNIFEM á Íslandi þakkar styrktaraðilum sínum kærlega stuðninginn á liðnu ári.

Utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Ráðuneytið endurnýjaði samstarfssamning til næstu þriggja ára við UNIFEM 2010. Þessi styrkur ráðuneytisins er félaginu ómetanlegur og gerir UNIFEM kleift að hafa starfsmann í vinnu. Samkvæmt samstarfssamningnum hefur UNIFEM umsjón með fræðslu um kynjamál fyrir friðargæsluliða sem fara til starfa erlendis fyrir hönd Íslands. Framkvæmdastýra og starfsmenn ráðuneytisins halda reglulega samráðsfundi og einnig var haldin kynning á starfi UNIFEM fyrir ráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun síðastliðið vor.

Á árinu 2010 námu samanlögð framlög utanríkisráðuneytinu rúmlega 120

Sjálfboðaliðar UN Women



milljónum króna að meðtöldu framlagi til landsnefndarinnar. Auk fjárframlaga til UNIFEM voru íslenskir sérfræðingar kostaðir til starfa hjá UNIFEM á Balkanskaga í gegnum Íslensku friðargæsluna og nam sá stuðningur tæpum 28 milljónum króna á árinu. Stuðningur íslenskra stjórnvalda felst í almennum framlögum til stofnunarinnar, framlögum í Styrktarsjóð til afnáms ofbeldis gegn konum, stuðningi við starfsemi UNIFEM í Palestínu, Afganistan og á Balkanskaga. Jafnframt var íslenskur sérfræðingur kostaður til starfa í höfuðstöðvum UNIFEM í gegnum ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna.

Oddi

Prentsmiðjan Oddi hefur um tveggja ára bil verið styrktaraðili UNIFEM á Íslandi. Markmið samstarfsins er að styrkja fræðslu- og kynningarstarf

UNIFEM með það að leiðarljósi að auka almenna þekkingu á málefnum kvenna í þróunarlöndum og á átaka-svæðum. Samstarfið felur í sér að Oddi veitir UNIFEM á Íslandi fría prentun og umbrot af ákveðnum verkum og góðan afslátt á öðru efni. Kynningarstarf felur í sér töluverðan kostnað því er samstarf sem þetta afar dýrmætt.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Vitundavakning er mikilvægur þáttur af starfi UNIFEM og hefur verið hefð fyrir því að halda umræðufundi einu sinni í mánuði til þess að vekja Íslendinga til umhugsunar um stöðu og réttindi kvenna í þróunarlöndum. Mannréttindráð Reykjavíkurborgar gerði UNIFEM kleift að halda fjölmarga umræðufundi á árinu með fjárhagslegum styrk.

Overview of 2010



National Cooperation and Awareness

It was an eventful year for the Icelandic National Committee with regards to awareness raising. The NCI continued its popular UNIFEM discussion series on topics relating to women and development. Seven lectures were held this year for the general public and were well attended. From January to June, the forums were held at the UNIFEM office every first Saturday of the month. The discussion topics touched upon the lives and situations of women around the world and the lectures shared experiences from Zambia, Togo, Zimbabwe and Cambodia. In collaboration with the Gender Equality Training Programme (GET) at the University of Iceland, the UNIFEM discussions continued at the University where six students from Afghanistan and Palestine discussed gender equality in their respective countries.

UNIFEM also held a cinema lecture at Bíó Paradís in November. The Swedish documentary *The Women's War* was shown and after the screening a panel of experts discussed the topic of the

film; rape as a systematic weapon of war. This initiative of the NCI was very well received and similar events will from now on be held regularly. In the autumn, the NCI visited high schools in the Reykjavík area discussing the importance of gender equality with regards to reaching the Millennium Development Goals.

The 24th of October is a historical day for Icelandic feminists since in October 1975 over 30 thousand women marched out of their homes and workplaces and gathered downtown demanding gender equality. This year the NCI actively took part in the umbrella organisation *Skotturnar* which consists of a dozen women's organisations in Iceland, to organise another protest under the heading; "Women strike back." Despite strong winds, fifty thousand women participated in the march.

The NCI launched the Women's Empowerment Principles (WEP) at the Annual Breakfast meeting the 25th of November. The global launch of the Principles was held in New York in March and was met with much enthusiasm. Over one



hundred CEO's have pledged to use the Principles as guidelines in order to empower women in the workplace and include women at all levels. Marel, Deloitte and Rio Tinto Alcan were the first companies to sign on in Iceland. Antonie de Jong, the adviser for the Outreach and Business Development Team at UNIFEM in NY, explained the WEP thoroughly as well as the transition of UNIFEM to UN Women. The 25th of November is the International Day for the Elimination of Violence against Women and the NCI honoured the day with the Annual Candle Light Walk. The vigil was led by the chief of police, the Prime Minister and five other cabinet members.

In the summer of 2009, the NCI launched a fundraising and awareness project called *Sisterhood*, which aims to get Icelanders to donate a monthly contribution to support the UN Trust Fund for the Elimination of Violence





against Women. In 2010 the Sisterhood project again enjoyed great success as sponsors more than doubled during the summer months. Eight people from the age of 18 to 30 years old worked for UNIFEM during June and July, walking the streets and introducing the *Sisterhood* project for people passing by. UNIFEM was extremely fortunate to have such enthusiastic and creative workers who did not only work hard but also employed creative measures to grab people's attention with dancing African and South American dances. UNIFEM is grateful for the generosity of the general public who despite recent economic crises support their "sisters" in developing countries.

Sponsors and volunteers of the NC of UNIFEM in Iceland

In the beginning of 2010 the NCI renewed its contract with the Ministry for Foreign Affairs (MFA) from 2010-2012. According to the partnership

agreement between the MFA and NCI; MFA stipulates on average 5 million ISK over the assigned period while the NCI will in return work in a close cooperation with the Icelandic Government on issues relating to enhancing women's status in developing countries with special emphasis on Security Council's Resolution nr. 1325 on Women, Peace and Security.

The NCI signed a contract in 2009 with the printing house ODDI, which continues to support the NCI with either free services or a generous discount.

Last but not least, the NCI would like to thank and praise all those individuals, groups and companies who lent the NCI a hand this year. The amount of willingness and enthusiasm on behalf of everyone has exceeded our expectations beyond all means and for that the NCI is eternally grateful. The NCI would

be nothing without the immense support of its volunteers.

Government support

The Icelandic Government continues to support UNIFEM internationally. The Ministry for Foreign Affairs has emphasised the importance of gender equality and women's empowerment and considers these themes to be extremely important in policy making, peace negotiations and other related issues in the international arena. Despite the economic downturn and considerable cutbacks, the Ministry has fulfilled its commitment to the cause with ISK 121, 4 million, which includes the contribution to the NCI. In 2010, the Ministry also sponsored field positions in the Balkan region through the Icelandic Peacekeeping Mission. Additional financial support includes core contribution to UNIFEM, contribution to the UN Trust Fund and support for the UNIFEM field office in Palestine.

Ársreikningur UN Women (UNIFEM) á Íslandi 2010



Tekjur

Tekjur ársins voru tæplega 19,9 milljónir. Það söfnuðust 10,2 milljónir í gegnum Systralagið og félagsmenn greiddu 1 milljón í félagsgjöld. Utanríkisráðuneytið greiddi UNIFEM 4,5 milljónir á árinu í rekstrarstyrk samkvæmt samstarfssamningi. Aðrar rekstrarstekjur vegna vörusölu og umsýsluþóknunar voru tæplega 2,9 milljónir. Styrkur vegna *Jafnréttissáttmála* UNIFEM og UN Global Compact var 900 þúsund og Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar styrkti UNIFEM um 200 þúsund krónur. Af þessum tekjum styður Landsnefnd UNIFEM á Íslandi við alþjóðleg verkefni UNIFEM um 7,7 milljónir króna.

Útgjöld

Rekstarkostnaður

Starfsmannakostnaður var stærsti útgjaldaliðurinn eða 8,6 milljónir á árinu. Skrifstofu og húsnæðiskostnaður var 2,5 milljónir.

Viðburðir og verkefni

Kostnaður vegna Systralagsins var 1,6 milljón 2010 og fólst sá kostnaður að mestu leyti í launum átta götukynna sem störfuðu í júní og júlí. Systralag UNIFEM hófst árið 2009 en er nú orðin aðal fjáröflunarleið félagsins þar sem rúmlega þúsund manns styrktu félagið mánaðarlega í lok árs 2010.

Líkt og undanfarin ár voru UNIFEM-umræður, Vitundarvakning á landsbyggðinni og heimsóknir í menntaskóla helstu verkefni í vitundarvakningu. Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs var tæplega hálf milljón. Árlegur morgunverðarfundur var haldinn og var kostnaður við fundinn hálf milljón.



Helstu tekjur og gjöld

Tekjur	Í þús. kr.
Söfnunarfé	10.267
Félagsgjöld	1.049
Styrkir og tekjur til reksturs	8.538
Samtals	<u>19.854</u>

Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Systralagið	1.615
Morgunverðarfundur	555
Fræðslu- og kynningarstarf	499
Annað	83
Samtals	<u>2.752</u>

Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður	8.623
Rekstur skrifstofu	2.515
Samtals	<u>11.138</u>

Framlög til alþjóðlegra verkefna	
Styrktarsjóður til afnáms ofbeldis gegn konum	7.700
	<u>7.700</u>



Arna Garðarsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Olga Eleonora M. Egonsdóttir, Hildur Fjóla Antonsdóttir, Sigríður Erla Jónsdóttir, Regína Bjarnadóttir, Þórey Vilhjálmsdóttir, Ragna Sara Jónsdóttir, Birna Guðmundsdóttir, Elsa Guðmundsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir.

Stjórn UN Women á Íslandi 2010-2011

Formaður

Ragna Sara Jónsdóttir, M. Sc. í alþjóðaviðskiptum

Varaformaður

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari

Gjaldkeri

Olga Eleonora M. Egonsdóttir,
fjármálahagfræðingur

Elsa Guðmundsdóttir, fjármálastjóri var gjaldkeri fram á mitt ár en þurfti frá að hverfa vegna annarra verkefna.

Meðstjórnendur

Birna Guðmundsdóttir, sölu- og markaðsstjóri

Hildur Fjóla Antonsdóttir, verkefnastjóri

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri

Regína Bjarnadóttir, þróunarhagfræðingur

Varastjórn

Arna Garðarsdóttir, starfsmannastjóri

Sigríður Erla Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Aðalfundur UNIFEM á Íslandi var haldinn 16. mars 2010 og tók þá ofantalin stjórn til starfa.

Sólveig Arnardóttir, Edda Huld Sigurðardóttir, Ásdís Elva Guðmundsdóttir, Helga Þórólfsdóttir, Magnea Marínósdóttir og Elsa Guðmundsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Eru þeim þökkúð góð störf í þágu UNIFEM.

UN Women á Íslandi

Laugavegi 42
Miðstöð Sameinuðu
þjóðanna á Íslandi
101 Reykjavík
Sími 552 6200
unwomen.is

